

Eftir þessu virðist drengurinn vera orðinn alveg jafn góður eftir slysið og engan varanlegan hnekki hafa beðið við það. Bera honum því aðeins bætur fyrir þjáningar, óþægindi og litilsháttar líkamslýti, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 500.00.

Skv. framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 8521.65 með 5% ársvöxtum, sem samkv. kröfu stefnds aðeins verða reiknaðir frá stefnudegi 5. apríl 1937 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Lárusson, greiði stefnandanum, Siggeir Lárussyni, kr. 8521.65, með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags, og kr. 450.00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1938.

Nr. 114/1937. **Réttvísín** (Theodor B. Línal)

gegn

Þórði Þórðarsyni (Sveinbjörn Jónsson),
Benóný Benónýssyni og Páli Friðvin
Jóhannssyni (Lárus Jóhannesson).

Þjófshymling.

Dómur hæstaréttar.

Síðan mál þetta var dæmt í héraði, hefir verið haldin réttarrannsókn um þau atriði, er í úrskurði hæstaréttar frá 25. febrúar þ. á. getur.

Við framhaldsprófin í máli þessu hefir ákærði Benóný Benónýsson viljað taka aftur játningu sína um það, að hann hafi vitað, að William Breiðfjörð var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen, þegar þeir

áttu saman kaup þau, sem um getur í málinu, en af því, sem fram hefir komið við rannsóknina, er auðsætt, að þessi afturköllun ákærða Benónýs á játningunni hefir ekki við rök að styðjast. Að athuguðum þessum og öðrum tilvikum málsins, þar á meðal því, að William bauð fram venjulegar búðarvörur fyrir verð, sem var undir heildsöluverði, verður að telja sannað, að Benóný hafi verið það ljóst, að vörurnar voru William ófrjálsar.

Samkvæmt framansögðu, svo og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu allra hinna ákærðu, þó með þeirri breytingu, að fullnustu refsingar allra þeirra skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum laga nr. 39 frá 1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um iðgjöld ber að staðfesta.

Ennfremur staðfestist ákvæði héraðsdómsins um málsvarnarlaun til talsmanns ákærðu Þórðar Þórðarsonar og Benónýs Benónýssonar, en annan kostnað sakarinnar í héraði greiði Þórður Þórðarson að $\frac{2}{5}$, Benóný Benónýsson að $\frac{2}{5}$ og Páll Friðvin Jóhannsson að $\frac{1}{5}$.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærði Þórður Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 80.00. Ákærði Benóný Benónýsson og Páll Friðvin Jóhannsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 100.00. Annan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs sækjanda málsins, kr. 120.00, greiðist af ákærða Þórði Þórðarsyni að $\frac{2}{5}$, af ákærða Benóný Benónýssyni að $\frac{2}{5}$ og af ákærða Páli Friðvin Jóhannssyni að $\frac{1}{5}$.

Því dæmist rétt vera:

Refsiákvæðum hins áfrýjaða dóms skal óraskað, þó svo, að fullnustu refsingar allra hinna ákærðu skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilyrði laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Um greiðslu iðgjalda skal fara svo sem ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málsvarnarlauna til talsmanna ákærðu Þórðar Þórðarsonar og Benóný Benónýssonar skal óraskað, en allan annan kostnað sakarinnar í héraði greiði ákærði Þórður Þórðarson að $\frac{2}{5}$, ákærði Benóný Benónýsson að $\frac{2}{5}$ og ákærði Páll Friðvin Jóhannsson að $\frac{1}{5}$.

Ákærði Þórður Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 80.00. Ákærðu Benóný Benónýsson og Páll Friðvin Jóhannsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, kr. 100.00. Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Theódórs B. Lindsals, kr. 120.00, greiðist af ákærða Þórði Þórðarsyni að $\frac{2}{5}$, af ákærða Benóný Benónýssyni að $\frac{2}{5}$ og af ákærða Páli Friðvin Jóhannssyni að $\frac{1}{5}$.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. marz 1937.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn eftirtöldum mönnum fyrir brot gegn 23. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 51 1928.

1. Þórður Þórðarson kaupmaður, til heimilis Laugavegi 45 hér í bæ. Hann er fæddur 14. maí 1874. Hinn 9. september 1924 sætti hann 20 króna sekt fyrir brot gegn samþykkt um lokunartíma sölubúða og hinn 23. janúar 1935 30 króna sekt fyrir samskonar brot. Öðrum refsingum hefir hann ekki sætt.

2. Benóný Benónýsson kaupmaður, til heimilis Ásvallagötu 27 hér í bæ. Hann er fæddur 29. maí 1870. Hinn 15. febrúar 1918 sætti hann 300 króna sekt fyrir ólöglegar áfengisveitingar og hinn 18. september 1920 5 króna sekt fyrir að láta hest ganga lausan í bænum. Öðrum refsingum hefir hann ekki sætt.

3. Páll Friðvin Jóhannsson bifreiðarstjóri, til heimilis Bragagötu 21 hér í bæ. Hann er fæddur 20. sept 1915. Hinn 8. apríl 1936 var hann í lögreglurétti Reykjavíkur dæmdur í 25 króna sekt fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þeim dómi er áfrýjað til hæstaréttar.

2.

Málavextir skulu nú raktir samkvæmt eigin játningu ákærðra og öðrum þeim gögnum, er fram hafa komið í málinu.

Hinn 26. febr. s. l. lét verzlun O. Ellingsen tilkynna lögreglunni, að horfið hefði nokkuð af vörum úr vörugeymslu verzlunarinnar, og hefði sendisveinn verzlunarinnar, William Breiðfjörð, meðgengið að hafa stolið því.

Við rannsókn lögreglunnar viðurkenndi William brot sitt viðstöðulaust, og kom þá fram, að vörustuldurinn nam mun meiru en í fyrstu var ætlað.

William hefir fyrir lögreglunni og lögregluréttinum skýrði svo frá, að hann hafi byrjað að stela úr verzluninni í lok nóvember s. l. og hélt hann því áfram, þar til upp komst. Hann hefir lýst svo atvikum að þessu, að hann hafi

verið sendur úr verzluninni með bómullargarn til ákærðs Þórðar. Hafi þá Þórður spurt sig, hvort hann ekki gæti komið með annan pakka af bómullargarni. Við getum haft það „okkar á milli“, eins og hann orðaði það. Tók þá William upp úr því að stela vörum úr verzluninni og selja Þórði og síðar báðum hinum meðákærðum.

Ákærður Þórður hefir játað þessa frásögn Williams rétta. Hann hefir viðurkennt það að hafa ymprað á því að fyrra bragði við William, sem honum var ókunnugur, að hann kæmi með vörur til sín og seldi sér, og kveðst hafa ætlazt til, að hann stæli þeim frá húsbændum sínum, þótt hann ekki segði það berum orðum.

William færði honum síðan ýmiskonar vörur við og við, og ákvað ákærður jafnan verðið og greiddi honum þetta 2—6 krónur og mest 10 krónur í hvert skipti, og fór það oft eftir því, hvað mikla peninga hann hafði við höndina. Alls hefir ákærður talið sig hafa greitt honum kr. 154.00 samkvæmt því, er hann hefir skráð í bókhaldi sínu.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki ætlazt til, að að þessu kvæði eins mikið og raun varð á, og er William fór að venja komur sínar til hans tíðar en honum þótti hæfa, kveðst hann hafa farið að draga úr honum og síðast bannað honum að koma með vörur til sín, en William skildi þær þá stundum eftir fyrir því, og þessi viðskipti þeirra héldu áfram þar til daginn áður en ákærður var kallaður fyrir út af málinu.

Það hefir ekki reynzt unnt að ákveða með vissu, hversu miklar vörur ákærði fékk hjá William með þessum hætti. Hann skilaði til verzlunar O. Ellingsen vörum fyrir samtals kr. 563.10 að útsöluverði. Auk þess skilaði hann í réttinum töluverðu af vörum, sem ekki hafa í rannsókninni verið metnar til útsöluverðs, eða reiknað út, hversu miklu nema samtals. Loks hafði hann selt nokkuð af vörunum, og hefir verzlun O. Ellingsen gert skaðabótakröfu á hendur honum að upphæð kr. 252.35, en það er andvirði vara, er William taldi sig muna að hafa selt honum fram yfir það, er ákærður gat staðið skil á. Þá kröfu hefir ákærður samþykkt.

3.

Í lok janúarmánaðar fór William að selja ákærðum Benóný af hinum stolnu vörum. Var hann kunnugur í verzlun

ákærðs, með því að hann hafði oft verið sendur þangað með sendingar, en þó ókunnugur ákærðum persónulega. Hann bauð ákærðum að fyrra bragði vörur, og er ákærður keypti þær fúslega, kom hann til hans í nokkur skipti og seldi honum vörur fyrir rúmlega 100 krónur að útsöluverði samtals. William setti ávallt sjálfur verð á vörurnar, og borgaði ákærður það, án þess að trúkka því niður.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi ekkert þekkt William, en þó vitað, að hann var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen. Hann kveðst ekki hafa spurt William að því, hvaðan vörurnar voru, en kveður, að sig hafi farið að gruna, að þær væru ekki vel fengnar, þegar William fór að koma hvað eftir annað. Síðast kom William með sokka til ákærðs, og keypti ákærður þá, en sagði honum jafnframt, að hann ekki vildi kaupa af honum vörur framar. Kveðst ákærður ekki hafa tilgreint neina orsök berum orðum, en kveðst búast við, að William hafi skilið það á sér, að ástæðan væri sú, að hann hefði hann grunaðan um að hafa stolið þeim.

Ákærður skilaði aftur nokkru af vörunum, en nokkuð hafði hann selt. Gerir verzlun O. Ellingsen kröfu til, að hann verði dæmdur til að greiða andvirði þeirra vara, kr. 72.25, og hefir ákærður samþykkt þá kröfu.

4.

Þá hefir ákærður Páll Friðvin Jóhannsson viðurkennt að hafa fengið hjá William vörur síðan í janúar mánuði s. l., að William fyrst bauð honum vörur upp í akstur. Hann hafði þekkt William síðan nokkru fyrir jól og vissi, að hann var sendisveinn í verzlun O. Ellingsen. Hann kveðst að visu ekki hafa spurt William að, hvaðan vörurnar væru, en hann kveðst hafa talið það víst, að þeim væri hnuplað úr verzlun O. Ellingsen.

Vörurnar greiddi ákærður með akstri, og var ekki tiltekið neitt verð á þeim, heldur ætlaðist ákærður á um það og ók William, það sem hann vildi, en hélt ekki reikning yfir aksturinn heldur.

Ákærður skilaði verzluninni vörum að útsöluverði kr. 322.50. Auk þess hafir hann samþykkt skaðabótakröfu verzlunarinnar, að upphæð kr. 146.50, fyrir vörur, er sannað var, að hann hefði fengið, en hann gat ekki skilað aftur.

Með framangreindu atferli þykja ákærðir allir hafa gerzt sekir við hegningarlöggjöfina.

Brot ákærðs Þórðar Þórðarsonar varðar við 6. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 53. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærðra Benónýs og Páls Friðvins varða við 240. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærðs Þórðar þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, refsing ákærðs Páls Friðvins 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og refsing Benónýs 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Þá greiði þeir og iðgjöld til verzlunar O. Ellingsen eins og áður segir.

Ákærður Þórður greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., er ákveðast kr. 50.00. Ákærður Benóný greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm. er ákveðast kr. 50.00. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Mál Williams Breiðfjörð, sem er 16 ára gamall og ekki hefir áður verið refsað, svo kunnugt sé, er ekki rekið í sambandi við þetta mál, heldur verður það sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsgnar.

Málið hefir verið rekið án dráttar.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður Þórður Þórðarson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Ákærður Páll Friðvin Jóhannsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Ákærður Benóný Benónýsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Ákærður Þórður greiði kr. 252.35, ákærður Páll Friðvin kr. 146.50 og ákærður Benóný kr. 72.25 í iðgjöld til verzlunar O. Ellingsen innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Þórður greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmann síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., kr. 50.00. Ákærður Benóný greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm., kr. 50.00. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.